

Ungt ljóðskáld á Íslandi í dag

Arngrímur Vídalín Stefánsson segir frá sjálfum sér

Ég er fæddur í Reykjavík árið 1984. Að undanskildum tæpum tveim árum á Ítalíu er ég að mestu uppalinn í Laugardalshverfi, fyrst í Vogunum, næst í Laugarnesinu þar sem ég bjó þar til fyrir tveim árum.

Ég er enn þeirrar skoðunar að Laugarnesið sé besta hverfið í Reykjavík; þar fengu börn næði til að vera börn auk þess að ýmsar goðsögur gengu um hverfið. Til dæmis voru minnst tvær nornir í hverfinu þegar best lét.

Laugalækjarskóli herti mig upp fyrir mennta-skólagönguna sem tók sex ár, þrjú í Menntaskólanum í Reykjavík og önnur þrjú í Menntaskólanum við Sund. Frá þeim árum á ég enn mína bestu vini og ógleymanlegar minningar, fyrir utan að þá byrjaði ég fyrst að skrifa fyrir alvöru.

Í MS stofnaði ég *Málfundafjelag vinstri-sinnaðra ungskálda*, sem átti að heita nokkurs konar skáldaklíka sem fékkst við útgáfu, málfundi og ýmsa hugmyndavinnu. Við áttum meðal annars okkar eigið lógó, sem var mynd af Óðni að gubba upp Suttungamiðinum. Eins og til að undirstrika það hét fyrsta kverið sem félagið gaf út *Suttungamiði skilað*, valin ljóð eftir sjálfan mig frá árunum 2004–2005.

Allir þeir sem lásu kverið voru nógu jákvæðir til að hvetja mig áfram til dáða, enda þótt ég sé núna feginn því að hafa aðeins prentað 100 eintök.

Hér um bil einu og hálfu ári síðar, þegar ég var kominn í íslenskudeild Háskólans, gaf ég út aðra bók hjá forlaginu Nykri, *Endurómun upphafsins*.

Það var nokkuð sárt fyrir mig hvað bókin – sem var á sinn hátt uppgjör við ákveðið tímabil í lífi mínu – fékk blendin viðbrögð; allt frá nokkuð jákvæðri gagnrýni til algers niðurrifs. Á hinn bóginn tel ég að það hafi verið mikilvægt fyrir mig að upplifa allan skalann, að upplifa hvernig bókmenntaheimurinn er, og fá nokkra fjarlægð frá eigin uppgerðarhógværð til að komast að því, ólíkt því sem Þórbergur hélt fram, að rödd eilífðarinnar verður víst endurbætt í hreinskrift. Og jafnvel betra enn: að hafna því að alfarið sé til nokkurt slíkt fyrirbæri. Það er til gott eða slæmt, og það er visst trikk að sjá hvort heldur það er í manns eigin meðförum.

Hvað gerist næst er óskrifað blað.

Arngrímur Vídalín Stefánsson



(póstkort í vesturbæinn)

Ekkert af þessu
er að gerast

svona kemur bara
fyrir annað fólk

en það hjálpar mér
að vita að
ég elska þig?

á förum
verð ég
aldrei fjarlæg

í fjarlægð
verð ég
aldrei farin

mundu:

Megi rökkrið rofna
á herðum þér
megi regnið hrökkva
af glugga þínum
megi fuglinn syngja
í garði þínum
megi hamingjan dansa
í augum þér

passaðu þig á nautunum

-mamma

Arngrímur Vídalín Stefánsson

Verkefni 1 – spurningar

1. Í hvaða vesturbæ heldur þú að póstkortið eigi að fara? Vesturbæinn í Reykjavík, vesturluta New York, eða eitthvað allt annað?

Rökstyddu svarið _____

2. Ekkert af þessu / er að gerast / eru upphafslínur ljóðsins. Hvað heldur þú að það sé, sem er ekki að gerast? _____

3. á forum / verð ég / aldrei fjarlæg / í fjarlægð / verð ég / aldrei farin.
Hvað heldur þú að mamman eigi við? _____

4. Hvaða óskir heldur þú að mamman sé í raun að bera fram? Vill hún að garðurinn fyllist af söngfuglum, rúðurnar verði vatnsfráhrindandi og hamingjan dansi á augasteinunum? Eða eru þetta líkingar fyrir eitthvað annað? Hvað heldur þú?

5 : Hvernig finnst þér ljóðið? _____

Verkefni 2 – lag

Búðu til lag við ljóðið og flyttu það fyrir bekkinn.

